

## FW: Lýðheilsugöngur Ferðafélags Íslands í september

Til : Guðjón Erling Friðriksson;Guðrún Jónsdóttir;Hildur Benediktsdóttir  
Frá : Stefanía Helga Bjarnadóttir  
Heiti : FW: Lýðheilsugöngur Ferðafélags Íslands í september  
Málsnúmer : 1707049  
Málsaðili : Ferðafélag Íslands  
Skráð dags : 05.07.2017 15:23:35  
Höfundur : Stefanía Helga Bjarnadóttir  
Viðhengi : [themu\\_lydheilsugongur.docx](#)

**From:** Ólöf Sívertsen [mailto:olof@fi.is]  
**Sent:** mánudagur, 3. júlí 2017 18:54  
**Subject:** Lýðheilsugöngur Ferðafélags Íslands í september

Heil og sæl,

Í framhaldi af tölvupósti sem Anna G. Björnsdóttir, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sendi á bæjarstjóra/oddvita úti um allt land fyrir stuttu þá langaði mig sem verkefnisstjóra að segja ykkur örlítið meira frá verkefninu. Þessar lýðheilsugöngur eru einn af hápunktum dagskrár Ferðafélags Íslands (FÍ) á 90 ára afmælisári félagsins og því viljum við leggja mikið á okkur til að vel takist til og treystum á samvinnu við ykkur og aðra sem koma að lýðheilsu og hreyfingu í sveitarfélögum landsins.

### Göngurnar og markmið þeirra

Ráðgert er að göngurnar fari fram alla miðvikudaga í septembermánuði kl. 18:00, séu allajafna fjölskylduvænar og taki u.þ.b. 60-90 mín. Tilgangurinn er sá að hvetja fólk til útivistar og hreyfingar í góðum félagsskap. Við leggjum upp með ákveðin þemu sem eru:

- ü Náttúra
- ü Velliðan
- ü Saga
- ü Vinátta

Nánari upplýsingar og hugmyndir að útfærslum á þemunum má finna í meðfylgjandi viðhengi.

Við viljum á þennan hátt stuðla að bættri lýðheilsu landans þar sem við horfum til líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar vellíðunar auk öryggis- og umhverfispáttá. Slíkt samræmist einmitt vel tilgangi FÍ sem er að hvetja fólk til ferðalaga, útivistar og hreyfingar í góðri sátt við náttúruna.

### Sýnileiki

Við teljum að verkefnið sé upplagt tækifæri fyrir öll sveitarfélög til að sýna samfélagslega ábyrgð í verki, koma fólki á hreyfingu og nýta þá umfjöllun sem verður í gangi. FÍ mun vera með heilsíðuauglýsingar í dagblöðunum, kynningarefni í vonandi sem flestum svæðisblöðum, dreifa bæklingi inn á hvert heimili í landinu o.s.frv. Síðan er það að sjálfsgöðu undir hverju og einu sveitarfélagi komið hversu mikla áherslu og umfjöllun það vill byggja upp en við erum boðin og búin til að vekja athygli á því sem við getum en áætlað er að stofna sérstaka heima- og fésbókarsíðu um verkefnið á næstu dögum.

### Samstarf lykill að árangri

Við vonumst eftir góðu samstarfi við ykkur í tengslum við þetta spennandi verkefni en auk ykkar erum við einnig í sambandi við allar deildir FÍ á landsbyggðinni og munum jafnframt setja okkur í samband við tengiliði Heilsueflandi samfélaga þar sem slíkt á við enda vinna margar hendur létt verk og gott samstarf lykill að árangri.

Heilbrigðisráðuneytið og Embætti landlæknis verða faglegir samstarfsaðilar og auk þess munu VÍS og Toyota leggja verkefninu lið auk mögulega 1-2 aðila til viðbótar.

### **Tengiliðir við FÍ - þakkargjöf**

Síðast en ekki síst þá gerum við ráð fyrir því að allir einstaklingar sem skipuleggja göngur fái að launum litla gjöf frá FÍ og geti skráð sig í lukkupott sem dregið verður úr að verkefni loknu. Þessa aðila biðjum við um að setja sig í samband við okkur í gegnum netfangið [olof@fi.is](mailto:olof@fi.is) til að skrá sig til leiks og jafnframt til að koma á framfæri upplýsingum um göngurnar.

Við vonum innilega að þið sjáið hag ykkar í þessu verkefni fyrir sveitarfélagið ykkar og hlökkum til að starfa með ykkur. Væri frábært að heyra frá ykkur sem fyrst svo spenntar fjölskyldur, vinahópar, starfsmannafélög og aðrir áhugasamir geti farið að plana miðvikudagana í september.

Með fyrirfram þökk og kærum kveðjum,

Ólöf Kristín Sívertsen

---

Ólöf Kristín Sívertsen  
Verkefnisstjóri / Project manager  
Ferðafélag Íslands  
[olof@fi.is](mailto:olof@fi.is)  
gsm 695-0206  
[www.fi.is](http://www.fi.is)

---